

ársskýrsla 2016



**ÞEKKINGARSETUR
VESTMANNAEYJA**
rannsóknir - menntun - nýsköpun

Efnisyfirlit

Skýrslur stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Skýrsla stjórnar	3
Skýrsla framkvæmdastjóra	4
Starfsemin 2016-2017	6
Stoðsvið	6
Safnasvið	11
Lokaorð	14

Skýrslur stjórnar og framkvæmdastjóra

Skýrsla stjórnar

Í stjórn Þekkingarsetursins á starfsárinu 2016-2017 sitja Elliði Vignisson, Arnar Sigurmundsson, Páll Guðmundsson, Thelma Hrund Kristjánsdóttir, Sveinn Margeirsson, Sigurður Guðjónsson og Sæunn Stefánsdóttir.

Í sérstakri framkvæmdastjórn sitja síðan formaður stjórnar, Arnar Sigurmundsson og Páll Marvin Jónsson.

Auk hátt í annann tug funda framkvæmdastjórnar á tímabilinu voru haldnir fjórir formlegir stjórnarfundir á starfsárinu.

Helstu verkefni stjórnar og framkvæmdastjórnar hafa snúið að uppbyggingunni á hinum svokallaða Fiskiðjureit þar sem nú standa yfir framkvæmdir á nýrri aðstöðu fyrir starfsemi Þekkingarsetursins.

Nú hafa staðið yfir viðræður á annað ár við alþjóðlegt fyrirtæki að nafni Merlin um uppbyggingu á nýju fiskasafni í Vestmannaeyjum og starfsemi í tengslum við það. Þetta hafa verið góðar og gefandi viðræður og í rauninni til mikils að vinna bara fyrir það að hafa aðgang að þeirra sérfræðingum í uppbyggingu, rekstri og markaðssetningu á slíkri starfsemi.

Það var ánægjulegt að sjá nýtt háskólanám verða að veruleika á árinu og vil ég þakka þeim fjölmörgu aðilum sem koma að þessari vinnu. Um er að ræða Diplomanám í Haftengdri Nýsköpun við HR sem unnið er í nánú samstarfi við sjávarútvegsdeildina hjá Háskólanum á Akureyri og atvinnulífið í Vestmannaeyjum.

Námið fór vel af stað og var sérlega ánægjulegt að verkefnahugmynd sem unnin var af nemendum í náminu hlaut Guðfinnuverlaunin svokölluðu og vann til verðlauna sem besta hugmyndin. Á þremur vikum tókst nemendum í náminu að setja upp viðskiptaáætlun um framleiðslu og markaðsetningu á bjórsnakki unnu úr þurrkaðri Keilu. Var ég svo heppinn að taka þátt í smökkun á framleiðslunni og verður að segjast að hugmyndin og varan er hreint með afbrigðum góð.

Það er ljóst að staðsetning námsins í Vestmannaeyjum og hið nána samstarf við atvinnulífið í Eyjum hefur haft sitt að segja og er þetta einkar ánægjulegt. Framtíð námsins hér í Eyjum er undir því komið hvernig tekst til að ná til nemenda og halda sérstöðunni með öflugu samstarfi við atvinnulífið.

Undir lok síðasta árs var gerður þjónustu- og samstarfssamningur við Vestmannaeyjabæ vegna starfsemi Náttúrustofu Suðurlands. Með samningnum tekur Þekkingarsetur Vestmannaeyja að sér aukna þjónustu og samstarf við Náttúrustofu Suðurlands í umboði stjórnar NS og Vestmannaeyjabæjar. Samningurinn tók gildi 1. janúar 2017. Starfsemi NS fellur undir lög um Náttúrufræðistofnun Íslands, stofan er lögaðili, en Vestmannaeyjabær eigandi og ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri NS. Það er stefna samningsaðila að fjölga verkefnum NS og auka samstarfið við ÞSV en í því felst m.a. samnýting starfsfólks og aðstöðu.

ÞSV annast einnig rekstur Sagnheima og Sæheima með sérstökum samningum við Vestmannaeyjabæ. Á þessu ári hefur ÞSV tekið að sér ný verkefni tengd ferðaþjónustu, atvinnumálum og nýsköpun og eykur það á fjölbætta starfsemi og skapar möguleika á verkefnum þar sem fagfólk innan ÞSV getur komið að með virkum hætti.

Elliði Vignisson

Formaður stjórnar

Skýrsla framkvæmdastjóra

Árið 2016 var annasamt ár hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja en samhliða hefðbundinni starfsemi var lokið við að hanna nýja aðstöðu ÞSV á annarri hæð Ægisgötu 2 og bjóða út framkvæmdir og setja þær af stað. Á starfsárinu tóku einnig gildi þjónustusamningar við Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga um atvinnuráðgjöf og við Vestmannaeyjabæ varðandi ferða- og markaðsmál og samkomulag um að ÞSV tæki að sér umsjón með starfsemi Náttúrustofu Suðurlands. Þessi nýju verkefni kölluðu á endurskoðun á skipuriti ÞSV sem byrjað var að vinna eftir sl. sumar. Safnastarfið setti einnig svip sinn á starfsemina en sl. sumar var tekin upp ný gjaldskrá hjá Sæheimum ásamt því að gefinn var út safnapassi sem innihélt aðgöngumiða sem veitti 40% afslátt að öllum þremur söfnunum, Sagnheimum, Eldheimum og Sæheimum.

Atvinnuráðgjöf og ferðamál

Samningar við Vestmannaeyjabæ og SASS um atvinnuráðgjöf og umsjón með málefnum tengdum ferðamálum í Eyjum hafa útvíkkað og styrkt þjónustu ÞSV við atvinnulífið og samfélagið verulega.

Ráðnir voru tveir starfsmenn í 1,5 stöðugildi. Verkefnin sem þessir starfsmenn sinna eru fjölbreytt og starfssvæðið í raun allt suðurland. Dæmi um verkefni eru greining á innviðum og atvinnulífi Vestmannaeyja og sveitafélaga á suðurlandi, rekstrarráðgjöf, greining og markaðsvinna fyrir Strætó á Suðurlandi og markaðsmál innan ferðaþjónustunnar. Samningurinn við SASS var endurnýjaður fyrir árið 2017 og er í endurskoðun hjá Byggðastofnun fyrir árið 2018 en Byggðastofnun leggur í raun til fjármagnið.

Safnastarfið

Sumarið 2016 sló öll aðsóknarmet á fiskasafnið og ljóst að húsnaðið er löngu sprungið. Hin mikla aðsókn stafar fyrst og fremst af met fjölda ferðamanna til Eyja og hinum geysi vinsæla Tóta sem á sér nú orðið aðdáendur út um allan heim. Til að mæta hinni miklu aðsókn höfum við reynt að bæta við starfsfólki á vaktir og lengja opnunartíma yfir daginn. Einnig var gjaldskránni breytt þannig að aðgangur fyrir fullorðna hækkaði um kr. 200 og kostar því í dag 1200 á safnið og tekið var upp 500 kr. gjald fyrir börn, 13-18 ára. Þessi breyting skilaði sér í tekjuaukningu fyrir safnið sem dekkar lengri opnunartíma og fjölgun starfsmanna á vaktir.

Eftir að Eldheimar opnuðu hafa Sagnheimar átt erfitt uppdráttar hvað aðsókn varðar. Við höfum því reynt að fókusa meira á menningartengda viðburði, rannsóknir, skráningar og útgáfu ýmiskonar. Þessi áhersla safnsins og samstarf við aðra aðila innan safnahússins hefur skilað frábærum árangri og er mikil aðsókn á nær alla viðburði.

Mikil vinna fór í að flytja safnmuni úr geymslum fiskiðjunnar en þar voru munir geymdir við verulega slæmar aðstæður. Aðstaða Vestmannaeyjabæjar á annarri hæð Miðstöðvarinnar var útbúinn með hillurekkum og voru safngripirnir skráðir og raðað upp í hillurekka.

Ýmiskonar rannsóknarstörf og þjónusta

Hvað varðar rannsóknar og þjónustuhlutann þá var ráðist í viðhald og endurnýjun á siglingatækjum í Friðrik Jessyni. Í samstarfi við Matís var útbreiðsla Sæbjúgna gróflega metinn. Siglt með starfsmenn

Náttúrustofu Suðurlands út í hinar ýmsu eyjar til rannsókna á sjófuglum. Í tengslum við námið Haftengd Nýsköpun var farið með krakka og leiðbeinanda á sjó til að leggja línu, gildirur og veitt á færi.

Fiskasafn var að mestu venjulegt viðhald en settir voru upp standar fyrir stóra snertiskjái sem komið var fyrir í Fiskasafninu.

Hönnun og framkvæmdir við Fiskiðjuna

Mikil vinna fór í hönnun og undirbúning framkvæmda við Ægisgötu 2 eða í fyrirhugaðri aðstöðu ÞSV á annarri hæð hússins. Auglýst var eftir tilboðum í hönnun á aðstöðunni og bærust alls fjögur tilboð. Ákveðið var að ganga til samninga við Mannvit og Ask arkitekta. Fullgerðar teikningar og útboðsgögn lágu fyrir í byrjun júní og var þá hafist handa við að bjóða framkvæmdina út. Verkbættir voru boðnir út í sittthvoru lagi og því enginn yfirverktaki með verkið. Náðust samningar við Steina og Olla varðandi innanhúss frágang og milliveggi, Geisla með raflagnir, Steina Pípar með pípulagnir, GM Múr með múrverk og Eyjablökk með loftræstinguna. Þórður Karlsson hjá Mannvit og Georg Skæringsson starfsmaður ÞSV hafa haldið utan um verkið og séð um eftirlit. Vignir Skæringsson var síðan ráðinn í tímabundin verkefni í tengslum við hreinsun og ýmis aukaverk sem koma upp. Staða framkvæmda er nokkuð góð þó svo að ýmis vandmál hafi komið upp sem hafa seinkað verkinu.

Lykiltölur úr rekstri

Rekstur Þekkingarsetursins gekk þokkalega á árinu en reksturinn skilaði hagnaði sem nemur 11,7 milljónum. Handbært fé frá rekstri var 4,3 milljónir og var handbært fé í lok árs 70,6 milljónir. Eigið fé og skuldir í lok árs 2016 voru 109 milljónir en langtímaskuldbindingar 39,9 milljónir.

Páll Marvin Jónsson

Framkvæmdastjóri




Mynd 1. Framkvæmdir í Fiskiðjunni en áætlað er að ÞSV flytji inn á 2. hæðina í lok árs 2017.

Starfsemin 2016-2017

Stoðsvið

Undir lok síðasta árs var gerður þjónustu- og samstarfssamningur við Vestmannaeyjabæ vegna starfsemi Náttúrustofu Suðurlands. Með samningnum tók Þekkingarsetur Vestmannaeyja að sér aukna þjónustu og samstarf við Náttúrustofu Suðurlands í umboði stjórnar NS og Vestmannaeyjabæjar. Samningurinn tók gildi 1. janúar 2017. Starfsemi NS fellur undir lög um Náttúrufræðistofnun Íslands, stofan er lögaðili, en Vestmannaeyjabær eigandi og ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri NS. Það er stefna samningsaðila að fjölga verkefnum NS og auka samstarfið við ÞSV en í því felst m.a. samnýting starfsfólks og aðstöðu.

Náttúrustofa Suðurlands fellur undir stoðsvið Þekkingarseturs Vestmannaeyja. Náttúrustofan lítur eigin stjórn sem ræður forstöðumann sem heldur utan um starfsemi NS. Náttúrustofan er því afmörkuð með brotalínu í skipuriti ÞSV.



Mynd 2. Skipurit þekkingarseturs Vestmannaeyja

Á undanförunum árum hefur ÞSV lagt aukna áherslu á rannsóknir og stuðning við ferðamál í sínum verkefnum. Til að efla þessa starfsemi enn frekar hefur ÞSV gert samning við Vestmannaeyjabæ um eflingu ferðaþjónustunnar í Vestmannaeyjum með yfirtöku á ákveðnum verkefnum hjá bænum.

Verkefnin sem um ræðir snúa að kynningar- og markaðsstarfi fyrir bæinn sem er samhliða ætlað að efla rannsóknir- og styðja við ferðaþjónustuna í bænum. Samningurinn kemur til með að dekkja 50% stöðu til tveggja ára. Raquel Isabel Días var ráðin í stöðu verkefnastjóra markaðs- og ferðamála en hún hefur mikla reynslu í markaðs og kynningarmálum.

Þann 5. apríl 2016 var skrifað undir samning við Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga (SASS) um að ÞSV annast atvinnuráðgjöf í Vestmannaeyjum. Helstu markmið samningsins eru að annast atvinnuráðgjöf og vinna að ýmsum verkefnum er snúa að Sóknaráætlun Suðurlands.

- Aðstoð við gerð rekstrar- og viðskiptaáætlana og fjármögnun verkefna.
- Aðstoð við verkefnastjórnun, markaðsgreiningar og –áætlanir.
- Leiðbeina um stoðkerfið og kynna Uppbyggingarsjóð Suðurlands.
- Veita ráðgjöf og handleiðsla við mótun umsókna í sjóðinn og vinna að samningagerð og eftirfylgd styrktra verkefna úr sjóðnum.
- Vinna að sóknaráætlun Suðurlands, mótun, framkvæmd og eftirfylgd verkefna.
- Önnur verkefni á sviði byggðapróunar að frumkvæði samstarfsaðila eða að beiðni SASS hvað varðar.

Hrafn Sævaldsson var ráðinn Nýsköpunar- og þróunarstjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja í apríl 2016 og hefur á starfsárinu haft það megin verkefni að veita atvinnuráðgjöf og vinna að hinum ýmsum verkefnum í tengslum þjónustusamning við SASS.

Þjónustusamningur við SASS hefur gert það að verkum að mun meira samstarf er milli Þekkingarseturs Vestmannaeyja og aðila á suðurlandi sem jafnframt erum með þjónustusamninga við SASS. Þetta er ánægjuleg þróun en samstarfsverkefni eru orðin fyrirferðamikil í starfseminni og eru verkefnin ýmist staðbundin við Vestmannaeyjar eða ná yfir allt eða hluta Suðurlands.

Markaðs- og kynningarmál

Í markaðs- og kynningarmálum var m.a. unnið að vörumerkjamótun og að kynningarefni fyrir SASS og farið var af stað með vöru- og ímyndunarvinnu fyrir Vestmannaeyjabæ í þeim tilgangi að skapa jákvæða umræðu meðal íbúa og stuðla að bættri ímynd Sveitafélagsins út á við. Unnið var með ferðamálasamtökum Vestmannaeyja um endurbætur á heimasíðu samtakanna, Visit Vestmannaeyjar og fésbókarsíða Visti Vestmannaeyjar virkjuð og uppfærð. Gerður var samningur við Pennan Eymundsson um að annast upplýsingaþjónustu fyrir ferðamenn en starfsmenn Þekkingarsetursins svara fyrirspurnum á netinu og veita aðra upplýsingagjöf til ferðamanna og ferðaskrifstofa.

Í samstarfi við fyrirtækið Rannsóknir & Ráðgjöf og stuðningi frá Vegagerðinni og Eimskip var unnin könnun á viðhorfi ferðamanna og íbúa Vestmannaeyja á ferðaþjónustunni í Vestmannaeyjum. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu Þekkingarseturs Vestmannaeyja (Ferðamenn og íbúar í Vestmannaeyjum 2016).



Mynd 3. Vörumerkjamótun með Vestmannaeyjabæ, unnið í samstarfi við Pipar auglýsingastofu.

Atvinnu- og menningarmál

Fjöldmörg verkefni vorur unnin í tengslum við atvinnuráðgjöf, nýsköpun og vöruþróun. Starfsmenn Stoðsviðs komu að fjöldmörgum samstarfsverkefnum í tengslum Uppbyggingarsjóðinn en þar má nefna teymis- og verkefnastjórnun, upplýsingagjöf og aðstoð við gerð umsókna, þróun verkefna, yfirllestur umsókna, gerð samninga og eftirfylgni og stuðning með verkefnum á starfssvæði SASS.

Dæmi um hinu fjöldmörgu verkefni sem hafa verið á borði nýsköpunar, og þróunarstjóra Stoðsviðs eru:

- Aðgerðaráætlun á sviði samfélags- og atvinnuþróunar á Suðurlandi. Sambærileg og Vestfjarðar- og NV nefnd.
- Greiningarvinna og skírslugerð fyrir sveitarfélög og Suðurland: Vestmannaeyjar, Ölfus og Suðurland í heild sinni.
- Verkefnastjórnun og þróun verkefnisins Innviðir Suðurlands.
- Í samstarfi við Dr. Vífli Karlsson unnið að gerð og framkvæmd íbúakönnunar fyrir Suðurland
- Unnið að gerð áhersluverkefna fyrir Sóknaráætlun Suðurlands.
- Aðkoma að verkefnum í tengslum við samgöngur milli lands og Eyja.
- Ýmis skólatengd verkefni s.s. efling á FAB-LAB á Suðurlandi
- Aðkoma að ýmsum menningarverkefnum í Vestmannaeyjum og í tengslum við Uppbyggingarsjóð
- Aðkoma að ýmsum rekstartengdum verkefnum, tengt útgerð fiskiskipa og farþegaskipa
- Veitt ýmiskonar aðstoð við gerð viðskipta- og rekstraráætlana



Mynd. 4 Kynning á samstarfi rágjafa með þjónustusamning við SASS í þekkingarsetri Vestmannaeyja.

Rannsóknir

Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur allt frá árinu 2010 tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknum á háhyrningum við Íslandsstrendur. Verkefnið hefur yfirskriftina the Icelandic Orca project og leggur þekkingarsetrið til aðstöðu og rannsóknarbát í verkefnið ásamt því að veita aðstoð við hin ýmsu verk. Á undanförunum árum hafa 5-10 sjávarlíffræðingar og doktorsnemar í sjávarlíffræði haft vinnuaðstöðu í þekkingarsetri Vestmannaeyja í júlí. Verkefnið hefur verið styrkt af fjöldmörgum sjóðum og hafa innlendir og erlendir Háskólar og rannsóknastofnanir haft aðkomu að verkefnum. Í ár var sótt um styrk til RANNÍS til frekari rannsókna ásamt því að samkomulag náðist við fyrirtækið Earthwatch um að leggja til sjálfbærni.

til að vinna við verkefnið sumrin 2017-2019. Ákveðið var lengja tímabil rannsókna en verkefnið mun þá standa yfir frá 10. júní til 10. ágúst. Alls munu 5-6 rannsókna menn vinna við rannsóknirnar en mun Earthwatch leggja til 6 sjálfboðaliða sem dvelja í um 10 daga í senn en að þeim loknum mun nýr hópur sjálfboðaliða koma til starfa og svo koll af kolli. Sjálfboðaliðarnir greiða fyrir aðkomu að verkefninu til Earthwatch sem síðan fjármagnar verkefnið að hluta. Gert ráð fyrir að um fimm sex manna hópar sjálfboðaliða vinni að verkefninu sumarið 2017.



Mynd 5. Háhyrningarannsóknir við Vestmannaeyjar

Þekkingarsetrið hafði mikla aðkomu að undirbúningi og rannsóknum í tengslum við fyrirspurn Merlin Entertainments um þann möguleika að setja upp einskonar griðarstað fyrir mjaldra í Vestmannaeyjum. Verkefnið hefur verið unnið í samstarfi við Vestmannaeyjabæ og er áætlað að niðurstöður þessarar vinnu liggi fyrir sumarið 2017. Merlin Entertainments er öflugt alþjóðlegt fyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði ferðaþjónustu og í skemmtiðnaði. Ljóst er að samstarf við Merlin getur skapað fjölmörg tækifæri fyrir ferðaþjónustuna í Eyjum og þá m.a. í markaðs og kynningarstarfi. Jafnframt hefur Merlin víða aðkomu í verkefnum sem miða að sjávarrannsóknum og ljóst er að þar munu einnig vera tækifæri til samstarfs.



Mynd 6. Aðstæður í Klettsvík skoðaðar

Meet the Belugas *Delphinapterus leucas*



Name	Little Grey
Gender	Female
Birthplace	White Sea, Russia
Estimated Age	10 years as at end of 2016
Arrival Date to Chang Feng Ocean World, Shanghai	15 th April 2011

Name	Little White
Gender	Female
Birthplace	White Sea, Russia
Estimated Age	10 years as at end of 2016
Arrival Date to Chang Feng Ocean World, Shanghai	15 th April 2011



Name	Jun Jun
Gender	Female
Birthplace	Russia
Estimated Age	16 years as at end of 2016
Arrival Date to Chang Feng Ocean World, Shanghai	21 st December 2003

© MERLIN ENTERTAINMENTS 2017

MERLIN ANIMAL WELFARE
AND DEVELOPMENT



Mynd 7. Mjaldarnir þrír sem munu hugsanlega eiga sér griðarstað í Klettsvík innan tveggja ára.

Háskóli Reykjavíkur í samstarfi Háskólann á Akureyri, PSV og atvinnulífið í Vestmannaeyjum fóru af stað með námsbraut sem ber nafnið Haftengd nýsköpun á haustönn 2016. Um er að ræða þróunarverkefni til tveggja ára en námið stendur í þrjár annir með sumarönn og útskrift í sumarlok. Námið hefur tekist einkar vel verður að segjast að skipulag námsins hafi tekist vel. Þekkingarsetrið kom að undirbúningi og skipulagningu námssins og bæði PSV og Viska leggja náminu til aðstöðu.



Mynd 8. Nemendur í Haftengdri Nýsköpun fengu Guðfinnuverðlaunin fyrir framlag sitt til í nýsköpunarkeppni HR

Safnasvið

Sæheimar - Fiskasafn

Gestir og opnunartími

Alls komu 19.638 gestir á Sæheima – Fiskasafn árið 2016. Þar af voru fullorðnir gestir 12.439 talsins (þar af 4.013 íslendingar og 8.475 erlendir gestir) en börnin voru samtals 7.150 (þar af 5.565 íslensk börn og 1.585 erlend). Þetta eru um 2.300 fleiri gestir en sóttu safnið árið 2015 og er aukningin nánast eingöngu í fullorðnum erlendum ferðamönnum.

Safnið var opið daglega, kl. 10-17, frá 1. maí til 1. október. Yfir vetrartímann var opið á laugardögum frá klukkan 13-16 en einnig eftir samkomulagi á öðrum tímum.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir var 1.200 kr. fyrir 18 ára og eldri og 850 kr. fyrir hópa (10+) og eldri borgara. Börn á aldrinum 11 til 17 ára greiddu 500 krónur í aðgangseyri. Frítt var fyrir börn 10 ára og yngri. Boðið var upp á sameiginlegan safnapassa með Sagnheimum og Eldheimum.

Starfsmenn

Margrét Lilja Magnúsdóttir var í 75% starfi sem safnstjóri. Örn Hilmisson var í um 30% starfi og vannur við ýmis verkefni auk afgreiðslu. Georg Skæringson er í 30% starfi sem umsjónarmaður safnsins. Aðrir starfsmenn í sumarvinnu voru, Evelyn C. Bryner, Guðný Hilmisdóttir, Gígja Óskarsdóttir, Victoria Ayn Pethypiece, Valur Marvin Pálsson, María Rún Ólafsdóttir, Bergþóra Sigurðardóttir og Guðrún Ósk Jóhannesdóttir. Auk þeirra voru nokkrir ungir hjálparkokkar sem hjálpuðu til á safninu við að gefa dýrunum og fræða ferðamenn.

Sýningar og viðburðir

Aðaláhersla Sæheima er sýning á lifandi fiskum og öðrum sjávarlífverum, sem er komið fyrir í 12 sjókerum. Um 30 metra djúp borhola er utan við safnið og upp úr henni er dælt mörg þúsund lítrum af sjó daglega og er því stöðugt gegnumstreymi af hreinum sjó í búrum safnsins. Einnig eru á safninu fuglasafn, steinasafn, skordýrasafn, skeljasafn og eggjasafn auk annarra náttúrugripa.

Við höfum þrjá lunda í Sæheimum, sem var bjargað sem pysjum og var ekki sleppt því þeir geta ekki spjarað sig úti í náttúrunni. Gestir safnsins fá tækifæri til að hitta einn af þessum lundum er þeir heimsækja safnið. Lundarnir eru eitt helsta aðdráttarafl safnsins, sérstaklega þó lundinn Tóti sem er þeirra elstur og er orðinn nokkuð frægur.

Auk hinna hefðbundnu sýninga á safninu eru þar tvær sérsýningar. Önnur þeirra fjallar um sambýli manns og lunda en hin segir frá Surtseyjargosinu sem hófst árið 1963. Auk þessara sýninga eru ljósmyndir af blómplöntum í Flóru Vestmannaeyja í stigagangi safnsins.

Um Safnahelgi Suðurlands 2016 var ljósmyndasýning í öllum söllum safnsins. Um var að ræða ljósmyndir sem teknar voru í tengslum við pysjueftirlit Sæheima árin 2015 og 2016. Þessi ár voru teknar ljósmyndir af allflestum þeim sem komu með pysjur í eftirlitið.

Pysjueftirlit

Eitt af stæstu verkefnum Sæheima er hið svokallaða pysjueftirlit. Þá koma þeir sem finna pysjur í bænum með þær á safnið, þar sem þær eru vigtaðar og vængmældar áður en þeim er sleppt á haf út. Þetta var fjórtánda árið sem pysjueftirlitið fór fram og voru krakkarnir í bænum dugleg að koma með pysjurnar sínar til okkar. Eftirlitið er að gefa okkur mjög góðar og dýrmætar upplýsingar um fjölda og ástand pysjanna ár hvert. Alls var komið með 2.639 pysjur árið 2016.



Gjafir frá sjómönnum

Sjómenn komu færandi hendi eins og fyrri ár. Þeir færðu safninu lifandi fiska, krabba og sjávarlífverur af ýmsu tagi. Það er frábært fyrir safnið að fá slíkar gjafir. Áhöfnin á Drangavík VE var sérstaklega dugleg að færa safninu gjafir.

Bæjarbúar eru einnig meðvitaðir um að koma með óvenjuleg dýr sem þeir finna og dýr sem eru slösuð eða hjálpar þurfi.

Styrkir

Uppbyggingarsjóður Suðurlands veitti Sæheimum 400.000 króna styrk til að vinna að verkefni sem nefnist "Lundapysjur í Vestmannaeyjabæ". Byggist verkefnið aðallega á pysjueftirliti Sæheima, sem hefur verið starfrækt frá árinu 2003. Fyrsti hluti verkefninsins var að halda sýningu um Safnahelgi á ljósmyndum frá pysjueftirlitinu árin 2015 og 2016.



Mynd 9. Myndir úr starfi Sæheima

Sagnheimar, byggðasafn

Gestir og opnunartími

Árið 2016 komu 5.044 gestir í Sagnheima, byggðasafn, og voru Íslendingar þar í meirihluta eða 70,94 %. Safnið var opið daglega, kl. 10-17, frá 1. maí til 1. október, á öðrum árstímum á laugardögum frá klukkan 13-16 og eftir samkomulagi.



Aðgangseyrir

Aðgangseyrir er 1.000 kr. fyrir 18 ára og eldri og 750 kr. fyrir hópa (10+) og eldri borgara. Einnig var boðið upp á sameiginlegan safnapassa með Sæheimum og Eldheimum.

Starfsmenn

Safnstjóri, Helga Hallbergsdóttir, er eini starfsmaðurinn í fullu starfi en auk þess komu Gígja Óskarsdóttir þjóðfræðingur inn í verkefnavinnu og afleysingar ásamt Stefáni Gíslasyni. Páll Marvin Jónsson, framkvæmdastjóri og Georg Skæringsson tæknistjóri komu að ýmsum verkefnum.

Sýningar, rannsóknir, útgáfur og viðburðir

Sýningin um Heimaeyjargosið var uppfærð og jafnframt birtar niðurstöður verkefnisins Allir í bátana, samstarfsverkefni Ingibergs Óskarssonar, Gísla Pálssonar mannfræðings, prófessors við HÍ, og Sagnheima. Ein sýning var sett upp og var þar gert grein fyrir vitum í og við Vestmannaeyjar. Sagnheimar tóku einnig þátt í samsýningum í Einarstofu og stóð ásamt öðrum söfnum Safnahúss að 45 viðburðum í eða í tengslum við Sagnheima og Safnahús, sjá <http://sagnheimar.is/skrar/file/skjol/vidburdir-i-safnahusi-2016-kba.pdf>. Sagnheimar og Safnahús ásamt Páli Steingrímssyni lífskúnnstner og kvikmyndatökumanni og hópi valinkunnra manna unnu að gerð heimildarmyndar um uppvöxt og lífshlaup Páls. Myndin Frá Heimaey á heimsenda var frumsýnd í Sagnheimum 25. júlí á 86. ára afmælisdegi Páls.



Mynd 10. Myndir úr starfi Sagnheima

Rekstrar- og verkefnastyrkir

Sagnheimar hlutu bæði verkefna- og rekstrarstyrk frá Safnaráði, samtals 1.050.000 kr, þrír verkefnastyrkir komu frá SASS, samtals kr. 750.000 kr. Þar af einn undir merkjum Bakvarða Safnahúss og Sagnheima. Að loknu samstarfsverkefninu um gerð heimildarmyndar um Pál Steingrímsson var Sagnheimum færður verkefnastyrkur, 400 þús., til að gera lífshlaupi hans betri skil á heimasíðu safnsins.

Móttaka muna, skráning og varðveisla

Árið 2016 voru skráðar 42 nýjar gjafir í aðfangaskrá safnsins og eru nokkrir munir á bak við flest númerin. Sagnheimar eru með samning við Landskerfi bókasafna um aðgang að Sarpi, rafrænum menningarsögulegum gagnagrunni, ásamt um 50 öðrum söfnum og er stefnt að því að skráningar safnsins verði sýnilegir þar á árinu 2017. Flutningi muna á geymsluloft í Miðstöðinni lauk að mestu í ársbyrjun. Tók þá við mikil undirbúningsvinna við úttekt og skipulagningu með aðstoð Nathalie Jacqueminet

varðveislustjóra Þjóðminjasafns Íslands. Gígja Óskarsdóttir þjóðfræðingur vann stórvirki í umbúnaði og skráningu gripa. Munirnir eru nú allflestir komnir á sinn skráða stað, sem auðveldar alla leit og gerir söfnun jafnframt markvissari.

Markmið Sagnheima er koma áfram að helstu menningarviðburðum samfélagsins, ýmist sjálfstætt eða í samvinnu við aðra. Fræðsla og samstarf við skóla á öllum stigum og fræðimenn er mikilvægur þáttur starfsins. Áhersla er lögð á að setja upp minni sýningar tímabundið eða að fá farandsýningar lánaðar til að auka breidd í miðlun safnsins. Mikilvægt er að koma munum safnsins öllum í rafræna skráningu í Sarpi þannig að þeir verði sýnilegir almenningi hvar sem er og þar með megi nýta þá til frekari rannsókna og miðlunar.

Lokaorð

Hér hefur verið stiklað á stóru í starfsemi Þekkingarseturs Vestmannaeyja starfsárið 2016 en umfang starfsseminnar hefur farið ört vaxandi undanfarin ár. Framundan er hinsvegar nýtt starfsár með spennandi og krefjandi verkefnum. Eitt megin markmiðið verður þó að ljúka framkvæmdum að Ægisgötu 2 og flytja inn í hið nýja húsnæði.

Vestmannaeyjum, 24. maí 2017

Páll Marvin Jónsson

Framkvæmdastjóri